

# 6. bekkur

## Enska 6.b.

**Markmið:** Að nemendur nái undirstöðuatriðum enskrar tungu einkum hvað varðar orðaforða og framburð. Að nemendur þjálfist í að hlusta bæði eftir aðalatriðum og nákvæmnisatriðum og geti ritað stutta texta eftir fyrirmyndum. Nemendur geti tjáð sig á einfaldan hátt um algeng atriði í daglegu lífi.

**Kennslufyrirkomulag:** Lögð verður áhersla á ritun, lestur og talað mál og gera nemendur æfingar í þá veru. Nemendur öðlist færni í sjálfstæðum vinnubrögðum og læri að tjá sig. Nemendur geri hlustunaræfingar og æfa sig í samtölum. Ekki gert ráð fyrir mikilli heimavinnu, en hún gæti þó átt við stöku sinnum.

**Námsefni:** Lögð er til grundvallar kennslubókin Action og málfræðihefti sem nemendur vinna í í tímum. Auk þessa verða ýmis ljósrít, krossgátur, leikir og spil notuð til að auka leikni og þjálfna nemendur í notkun á ensku máli.

**Tímafjöldi:** Í vetur verður 6.bekkur með 2 kennslustundir í ensku.

**Námsmat:** Nemendur taka nokkrar kannanir í lesskilningi og málfræði sem eru grundvöllur að námsmati. Þátttaka nemenda er einnig metin, að þora að reyna, taka þátt í samtölum og vinna að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hverju sinni. Þessi atriði mynda 100% af námsmati.

**Kennari:** Þórður Mar Þorsteinsson

## Dans

### Markmið:

- Að veita nemendum tækifæri til að hreyfa sig í takti.
- Að efla félagsþroska nemenda í gegnum dans.
- Að nemendur átti sig á því að dans er íþrótt og getur verið leið til að losna við spennu eða neikvæða orku.
- Að nemendur læri grunnspor ýmissa dansa, s.s. spuna, hópans, samkvæmisdans, íslenska og erlenda þjóðdans, kúrekadans, hip hop o.fl.

**Kennslufyrirkomulag:** Í vetur verða 5.b, 6.b, 7.b skipt í þrjá hópa í verkgreinum, koma eina kennslustund í viku 8 vikur í senn. Lögð verður áhersla á fjölbreytta dansa og að nemendur læri grunnkurteisreglur í dansi einstaklingslega, í hópum og þar sem „par“ dansar saman. Aukin áhersla verður lögð á að nemendur læri að „tjá sig“ í gegnum dans og semja sína eigin dansa.

**Námsefni:** Alls kyns tónlist, myndbönd o.þ.h.

**Námsmat:** Þátttaka nemenda í hverri kennslustund verður metin.

**Kennari:** Ingibjörg Ásta Ingvarsdóttir

## Danska 6.- og 7. samkennsla

**Markmið:** Að nemandinn þjálfist í einfaldri dönsku, þ.e. að hann skilji einfaldar setningar sem æfðar hafa verið. Hann geti lesið einfalda texta og ritað. Að nemandinn fái innsýn í danskt samfélag og menningu.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur fáist við fjölbreytt viðfangsefni í gegnum bækur, daglegt líf, þemaverkefni og leik.

**Námsefni:** Start lesbók og vinnubók ásamt hlustunaræfingum. Ljósrituð verkefni s.s. krossgátur og þrautir frá kennara. Kvikmyndir og eða sjónvarpsþættir.

**Námsmat:**Stuttar kannanir í námsbók og gátlistar.

**Kennari:** Baldur Gauti Gunnarsson

## Myndmennt á miðstigi.

**Markmið:**

- Að nemandi geti lýst munnlega skoðun sinni á mynd og rökstutt hana og notað hugtök myndlistarinnar(t.d. línunotkun, litanotkun, form og bygging) við lýsinguna.
- Að nemandi læri að nota skissur og módel sem hlut af vinnuferli.
- Að nemandi kynnist expressionisma og vinni verkefni út frá þeim.
- Að nemandi noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við myndsköpun.
- Að nemandi vinni með þætti eins og línur, mynstur og sjónarhorn og vinni með grunnform í tvívídd og þrívídd og skoði grunnformin í náttúrunni.
- Að nemandi læri að ganga vel um myndir, efni og áhöld.

**Kennslufyrirkomulag:** Öllum nemendum í 5.-7. bekk. Er skipt í þrjá hópa og hver hópur fær tvo tíma á viku einn þriðja af skólaárinu. Auk þess er myndmenntin er oft samþætt öðrum greinum s.s. íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og stærðfræði.

**Námsgögn:** Verkefni frá kennara, Ég sé með teikningum, Kveikjur, Listasaga – frá hellalist-1900. Internetið, bækur af bókasafni og efni til myndsköpunar.

**Námsmat:** Umsagnir byggðar á vinnu í tímum, verklagi, sköpun, frágangi , gátlistum, sjálfsmati og samvinnu við kennara og nemendur

**Kennari:** Halla Helgadóttir

## Heimilisfræði

**Markmið:**

- Að nemandi kynnist orkueiningum (he, kcal og kJ), orkuefnum og læri um hlutverk þeirra.
- Að nemandi skoði næringarefni í þeim matvælum sem þau neyta.
- Að nemandi rifji upp hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld og svefn).
- Að nemandi geti stækkað og minnkað uppskriftir, unnið eftir uppskriftum, temji sér nota heppileg áhöld og beiti þeim rétt og gangi vel frá í eldhúsi.
- Að nemandi kynnist þjóðlegum íslenskum mat og kynnist hugtökum og orð tengd matargerð fyrr og nú.
- Að nemandi rifji upp fæðuflokkana og skoði sérstaklega kjöt- fisk- og eggjaflokkinn
- Að nemandi flokki þvott læri að þrifa ísskáp og eldavél og geri sér grein fyrir mikilvægi persónulegs hreinlætis.
- Að nemandi temji sér að hugsa um umhverfið og sparnað. Spara hráefni og orku, velja vörur sem eru betri fyrir umhverfið og endurvinna það sem hægt er.
- Að nemandi temji sér borðsiði.

**Kennslufyrirkomulag:** 6.bekkur kemur í tvöfaldan tíma.

**Námsgögn :** Gott og gagnlegt 2 og efni frá kennara.

**Námsmat** Umsögn byggð á frammistöðu í tímum, sjálfsmati og gátlistum. Þættir sem eru sértsklega metnir eru vinna og vinnubrögð, verkefni, bókleg eða munnleg, frágangur og hegðun.

**Kennari:** Ingiborg Jóhanna Kjerúlf

## Íslenska

Íslenska er unnin í samþættingu margra námsgreina, s.s. samfélags og náttúrgreina, upplýsinga og tölvutækni, bókasafns, stærðfræði, annarra tungumála, samvinnu og útináms.

**Markmið:** Að nemendur:

- ná valdi á ýmsum tegundum lestrar, auki öryggi og lesfærni og efla orðaforða og lesskilning og að nemendur verði meðvitaðir um og læri aðferðir til að auðvelda þeim skilning á texta.
- öðlist færni í því að tjá sig skipulega á rituðu máli hvort heldur er með hefðbundnum skrif færur, munnlega eða með aðstoð tölvutækni. Áhersla verður lögð á að kenna nemendum að skrifa endursagnir, greinargerðir, fréttir, kynningar, bréf, frásagnir og einnig að semja sögur þar sem upphaf, meginmál og endir eru ljós.
- haldi áfram að bæta stafsetningu sína og haldi áfram að auka skriftarhraða sinn ásamt því að vanda skrift og frágang.
- tileinki sér ýmis hugtök og reglur málfræðinnar svo sem orðflokka, nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, fornöfn; kyn, tölu, fall, eintölu, fleirtölu, nútíð, þátíð, 1.2.og 3. persónu, samsett orð, stigbreytingu lýsingarorða, veikar og sterkar kennimyndir sagna, sérhljóð, samhljóð, samheiti, andheiti og fleira.
- haldi áfram að kynna sér ljóð og bókmenntir og höfunda þeirra.
- læri að nýta sér hjálparbækur og aðrar heimildir, s.s. orðabækur.
- tileinki sér ýmis grunnhugtök og reglur málfræðinnar.

- geti tjáð sig skilmerkilega í heyranda hljóði.
- þjálfist í að hlusta og greina það sem lesið er.

**Kennslufyrirkomulag:** Kennt verður í bekk af umsjónarkennara í samþættingu við samfélags og náttúruræði, auk upplýsinga og tölvunotkun. Megináhersla er lögð á lestur, samræðu og ritun af ýmsu tagi. Aðferðir tengdar *Orð af orði (og Byrjendalæsi)* verða nýttar til að efla málþroska og orðaforða auk lesskilnings og kunnáttu nemenda í málfræði og stafsetningu. Nemendur ákveða í samráði við kennara leiðir að markmiðum í íslensku. Þá verður sérstakur tími tekinn fyrir á hverjum degi í *hljóðlestur* þar sem nemendur velja sér bók og lesa í skólanum. Einnig er gert ráð fyrir því að nemendur lesi allavega einu sinni á dag heima bæði í námsbókum og frjálslestrarbókum. Gott er að miða við að lesa **a.m.k. 20-40 mínútur daglega** heima í lestrarbókum, upphátt og í hljóði.

**Námsefni:** *Flökkuskinna, Töfraskinna, Orðspor 2-3, Íslendingasögur* (í styttri útgáfum), *Gásagátan, Aðventa, Málrækt, Vinnubækur*, ýmsar stafsetningaræfingar, ljóð, tölvuforrit, barna og unglingabækur, tímarit, myndasögur, ýmsar gerðir fræðiritra, orðabækur og spil af ýmsu tagi.

**Námsmat:** Almenn verkefnavinna nemenda, samvinna, sjálfstæði og virkni í kennslustundum verður metin. Kennari og nemendur gera reglulega stöðumat og meta árangur þegar unnið hefur verið að ákveðnu markmiði í tiltekinn tíma. Ennfremur lagt fyrir lesskilningsskönnunin Orðarún. Leiðsagnarmat, einkunn og umsögn.

**Kennari:** Áslaug Sigurgestsdóttir

## Útinám - Lífsleikni

**Markmið í Lífsleikni:** Að efla alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Að efla sjálfsmynd nemenda og samskiptahæfni. Að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu. Að öðru leyti fléttast lífsleikni inn í allt skólastarfið. Rætt verður á almennan hátt um málefni líðandi stundar, fréttir, trúarbrögð og siði eftir því sem við á hverju sinni.

**Markmið með útinámi:** Að finna leiðir til að komast vel af við alla og eiga góð samskipti í leik og starfi utan dyra. Gera nemendur ábyrga fyrir hegðun sinni og framkomu. Gera nemendum grein fyrir hve viðbrögð þeirra og framkoma skipta miklu máli í samskiptum við aðra. Að nemendur beri virðingu fyrir fjölbreytileika “dýranna” í skóginum og horfa á jákvæðar hliðar frekar en neikvæðar. Að hver og einn læri að temja sér jákvæðni.

**Kennslufyrirkomulag :** Föst útivera að lágmarki 1 kennslustund á viku óháð veðri; vettvangsferðir, samvera, umræða, leikir, söngur og verkefnavinna. Mikilvægt er að nemendur komi vel klæddir til útivistar. Unnið með verkefni og leiki úr smiðju Vöndu Sigurgeirsdóttur.

**Námsmat:** Þátttaka nemenda og vilji til samvinnu verður metin jafnóðum af kennurum og nemendum sjálfum. Sameiginleg umsögn í lok annar.

**Kennarar:** Áslaug Sigurgestsdóttir og Sigurrós Gylfadóttir

## Náttúrufræði

**Markmið:** Að nemendur læri að þekkja nærumhverfi sitt, fræðist um jökla og ís, dýr, mannlíkamann og heilsu. Enn fremur að þeir þjálfist í að nýta sér fræðitexta, leita upplýsinga um ákveðið viðfangsefni, læri að vinna og nýta sér hugtakakort og fleira þess háttar til þess að efla skilning. Að nemendur efli áhuga sinn og þekkingu, auk þess að gera sér grein fyrir ábyrgð manneskjunnar gagnvart umhverfi og náttúru.

**Kennslufyrirkomulag:** Náttúrufræði verður kennd í lotum sem gjarnan er samþætt íslensku, samfélagsfræði, upplýsinga og tölvunotkun – innan sem utan dyra.

**Námsefni:** *Auðvitað ásamt verkefnum, Maðurinn, hugur og heilsa, Ísland her búum við, Af hverju eru jöklar og ís á jörðinni?, Lífríki á landi, Lífríki í fersku vatni* auk ýmissa fræðibóka, fréttu og vefsíðna um náttúru, fugla, dýr og umhverfismál.

**Námsmat:** Kannanir, verkefni og þátttaka og virkni í tímum mynda námsmat.

**Kennari:** Áslaug Sigurgestsdóttir

## Samfélagsfræði

**Markmið:** Að nemendur læri um Norðurlönd og kynnist öðrum löndum veraldar, menningu þeirra, siðum, trúarbrögðum og umgengni mannsins við umhverfið. Fræðst um miðaldir innan lands sem utan. Málefni barna í heiminum skoðuð – stríð, flótti, fordómar og friður.

**Kennslufyrirkomulag:** Samfélagsfræðin verður kennd í samþættingu við íslensku, náttúrufræði, upplýsinga og tölvunotkun.

**Námsefni:** Norðurlönd, Ég, þú og við öll, Börn í okkar heimi, Textar um miðaldir, Gásagátan, ásamt efni úr fréttum og af veraldarvefnum.

**Námsmat:** Kannanir, verkefni og þátttaka og virkni í tímum mynda námsmat.

**Kennari:** Áslaug Sigurgestsdóttir

## Skólasafn - bókasafn

Notað í samþættingu annarra námsgreina hjá umsjónarkennara.

**Markmið:** Að nemendur haldi áfram að kynnast skólasafninu og hvernig maður getur notað það sér til fróðleiks og skemmtunar. Að örva lestraráhuga nemenda og auka áhuga þeirra á bókmenntum. Að kynna fyrir þeim íslenska og erlenda rithöfunda.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendum er kynnt safnið og hvernig bókum er raðað í flokkunarkerfi. Nemendur leita fróðleiks og upplýsinga í bókum. Sögstundir verða haldnar með nemendum og unnin ýmis verkefni varðandi sögurnar. Nemendur læra að leita í orðabókum.

**Námsefni:** Orðaskyggjur og verkefni tengd honum, bækur á skólasafninu, ýmis verkefni frá kennara. Rithöfundakynningar frá kennara.

**Námsmat:** Ekki er ætlast til að nemendur þreyti próf heldur er fyrst og fremst um að ræða

þjálfun í leit og notkun upplýsinga.

**Kennari:** Áslaug Sigurgestsdóttir

## Íþróttir

**Markmið:**

- Að nemendur fái mikla og góða hreyfingu í hverjum tíma
- Að þjálfra samhæfingu nemenda
- Að nemendur þjálfist í grunnhreyfingum og í notkun ýmissa áhalda.
- Að nemendur vinni saman og eflist í samskiptum og samvinnu.

**Kennslufyrirkomulag:** Ýmsir leikir og æfingar sem auka líkamsvitund, félags- og tilfinningaþroska.

Einnig verður reynt að kynna allar helstu íþróttagreinar sem þekktar eru á Íslandi.

**Við námsmatið verður tekið tillit til:**

- Virkni nemenda í tímum
- Hvort nemendur taki tillit hver til annars og geti unnið í hópum
- Hvernig nemendum gengur að fylgja fyrirmælum og fara eftir reglum, t.d. í leikjum.
- Hegðunar og framfara.

**Fjöldi kennslustunda á viku:** 3

**Kennari:** Ásgrímur Ingi Arngrímsson

## Lestrarpróf

**Markmið:** Að nemendur

- geti fylgst með árangri í leshraða, öryggi og nákvæmni.
- fái tækifæri til að setja sér markmið í lestri í samráði við kennara.

**Fyrirkomulag:** Nemendur fara í stöðluð hraðapróf á hverri önn, eða þrisvar á vetri. Byrjað er á því að fara yfir árangur frá síðasta prófi og markmið sem sett voru þá. Í hraðaprófi lesa nemendur texta upphátt fyrir kennara í 2 mínútur. Hraði er mældur í orðum á mínútu. Fyrir nákvæmni og öryggi er tekið til greina hvernig nemandi les, endurtekningar, hik, villur, leiðréttingar o.þ.h. Kennari og nemandi fara saman yfir stöðuna strax og setja sér markmið fram að næstu önn.

**Námsefni:** Textar á lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun (Lesfimiþróf Lesferils). Viðmið leshraða í Fellaskóla fyrir lok 6.bekkjar eru 105-175 orð á mínútu.

**Námsmat:** Umsjónarkennarar koma niðurstöðum til foreldra

**Kennari:** Elke Angelika Schnabel

## Stærðfræði

**Markmið:** Að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni í ýmsum þáttum stærðfræðinnar sem nýst getur nemandanum í daglegu lífi og námi og auk þess stuðlað að skapandi hugsun á sviðum er tengjast stærðfræðinni.

- Að nemendur efli færi sína í að leita lausna og útskýra þær fyrir öðrum.
- Þekki grunntákn fyrir aðgerðir í stærðfræði og tölur upp í a.m.k. 10.000.
- Æfi sig í vinnu með tugakerfið og talnaritun.
- Þjálfist í vinnu með peninga og tíma.
- Vinni með form og mynstur.
- Læri margföldun og deilingu.
- Vinni með almenn brot og tugabrot.
- Geti mælt og borið saman mælieiningar.
- Þjálfist í að nýta sér hnitakerfi til að teikna, hliðra, spegla, breyta stærðum o.s.frv.
- Lesi upplýsingar úr og geti nýtt upplýsingar í töflur og myndrit.
- Geti fundið líkur á einhverju.

**Kennslufyrirkomulag :** Innlagnir í tímum og nemendur vinna síðan samkvæmt áætlun þær blaðsíður og dæmi sem valin hafa verið. Ef nemendur ná ekki að klára í tímanum vikuáætlun verða þeir að klára heima.

**Námsefni:** Stika 2a og 2b nemendabók er lagt til grundvallar. Einnig fleiri gögn eftir því sem þarf og tími vinnst til.

**Námsmat:** Nemendur munu taka kannanir jafnt og þétt úr efninu yfir veturinn og gilda þær 80% og virkni í tímum og verkefnaskil 20% á móti.

**Kennari:** Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

## Smíðar

**Markmið:** Að nemendur kynnist eiginleikum hinna ýmsu efna og tileinki sér hagkvæm vinnubrögð.

**Verkþættir:** Nemendur læra notkun handverkfæra s.s. sög, rasp, sandpappír o.fl. Nemendur kynnist mismunandi yfirborðsmeðferðum og fá að lakka eða olúbera. Unnið verður við einfalda gripi.

**Námsmat:** Við námsmat verður tekið tillit til vandvirkni, vinnusemi og frumkvæði í vinnu.

**Helstu viðfangsefni:**

- Nemendur nota helstu verkfæri greinarinnar og læra að beita réttum vinnuaðferðum. Þeir læra um efnivið og helstu verkfæraheiti. Lögð er áhersla á að nemendur gangi frá eftir sig og virði vinnu annarra.
- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar,
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,
- unnið einföld verkefni,
- útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið,
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,

- gengið frá eftir vinnu sína,
- lagt mat á eigin verk.

**Kennsluaðferðir:** Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

**Námsgögn:** Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott.

**Kennari:** Þorvaldur Benediktsson

## Sund

**Markmið:** Að nemendur nái auknu þoli og hraða á sundi og nái betri tókum á tækni. Þjálfist einnig í björgunarsundi.

**Kennslufyrirkomulag:** Áfram verður unnið að því að bæta tækni og þol í öllum helstu sundaðferðum í gegnum æfingar og leiki.

**Námsmat:** Áhugi, virkni, hegðun, 6. sundstig.

**Kennari:** Ásgrímur Ingi Arngrímsson

## Textílmennt

**Markmið:** Áhersla lögð á hönnun og hugmyndavinnu. Að þjálfna nemendur í sjálfsstæðum vinnubrögðum og að nemendur læri að skipuleggja vinnu sína, þekkja mismunandi aðferðir og efni og vinni tengd verkefni. Að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika nemenda. Að efla samstarfsvilja og sjálfstraust nemenda.

**Kennslufyrirkomulag:** Unnið er þrískiptum, kynjaskiptum hópum 5.-7. bekkjar. Þar sem hver hópur er eina önn í textílmennt, fjórar kennslustundir á viku. Nemendur vinna með mismunandi aðferðir í textílmennt og fá þjálfun í að nota mismunandi áhöld og verkfæri. Áhersla verður lögð á einstaklingsvinnu sem og samvinnu nemenda sem byggir á samstarfi við aðra, þolinmæði og tillitssemi sem og umgengni og frágang í kennslustofu. Unnið verður m.a. með hönnun og endurnýtingu, útsaum, ullarþæfingu, vélsaum, vefnað o.fl..

**Námsefni:** Ýmis verkefni frá kennara.

**Námsmat:** Hugmyndavinna, virkni í tímum, samskipti við kennara og samnemendur, verklag og viðleitni, frágangur og skil á verkefnum.

**Kennari:** Þórey Birna Jónsdóttir

## Tónmennt

**Markmið:** Að nemandi læri að þekkja algengustu tónlistartákn og öðlist færni í að nota líkama og rödd við tónlistarflutning. Í 4. bekk eru helstu klassísku tónskáldin kynnt fyrir nemendum og nemendur læra um hvernig tónlist þeirra hefur þróast fram á okkar tíma. Í 6. bekk er byrjað með námsefni sem heitir Hljóðspor sem fjallar um hvernig tónlistarsköpum á tímum þrælahalds hefur þróast fram á okkar daga, og er unnið með þetta námsefni í 7. bekk líka ásamt fleiru sem kennari og nemendur vinna að saman í tímum. Að nemandi þekki hin ýmsu hljóðfæri og tónlistarstefnur ýmissa landa.



**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur í 2 – 7. bekk eru í Tónmennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Nemendur vinna oft saman í hópum og gera margvísleg verkefni tengd tónlist t.d. hlustun, verkefnavinna, tónsköpun með hljóðfærum, söngur og dans.

**Námsefni:** Í 2 – 7. bekk eru lagðar til grundvallar námsbækurnar, tónmennt 1 – 4, Leikum og syngjum, Það var lagið, Tónlistarþrautir, Ópus 1, Hljóðspor, Tónlist og líkaminn, Tónlist og umhverfi, Tónlist í Afríku og efni af nams.is og verkefni sem kennari útbýr.

**Námsmat:** Nemendur í 2 – 7. bekk taka ekki próf heldur er gefin umsögn sem er byggð á vinnu og hegðun í tímum.

**Kennari:** Drífa Sig.